Verklagsreglur um heimsóknir barna í GSS

Inngangur

Grunnskólinn í Stykkishólmi leggur áherslu á að tryggja öryggi, velferð og gott námsumhverfi fyrir alla nemendur. Af og til berast skólanum beiðnir um að börn sem dvelja tímabundið hjá ættingjum eða vinum í Stykkishólmi fái að fylgja nemendum í skólann og taka þátt í daglegu skólastarfi. Þótt slíkar óskir séu skiljanlegar er mikilvægt að hafa í huga að þátttaka í skólastarfi annars skóla er ekki sjálfgefin. Skólinn ber ábyrgð á þeim börnum sem dvelja þar og þarf ávallt að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir, umsjón sé skýr og öryggi allra nemenda sé tryggt. Jafnframt geta óskipulagðar heimsóknir haft áhrif á kennslu, daglegt skipulag og námsumhverfi nemenda.
Til að tryggja samræmda afgreiðslu beiðna, jafnræði og skýra ábyrgð hafa verið settar eftirfarandi verklagsreglur. Meginreglan er sú að börn sem ekki eru skráð sem nemendur skólans taki ekki þátt í daglegu skólastarfi. Í sérstökum tilvikum geta skólastjórnendur þó heimilað heimsókn ef fyrir liggja málefnalegar ástæður sem tengjast velferð barns.

1. Tilgangur

Að tryggja samræmda afgreiðslu beiðna um heimsóknir barna sem ekki eru skráð sem nemendur skólans, með hagsmuni og öryggi barna, jafnræði og samfellu í skólastarfi að leiðarljósi.

2. Gildissvið og meginregla

Reglurnar gilda um beiðnir um að börn utan skólans taki þátt í daglegu skólastarfi, þar með talið kennslu og frímínútum. Slíkar heimsóknir eru almennt ekki heimilaðar. Félagslegar heimsóknir vegna skólafría, vina- eða ættingjatengsla eru ekki heimilaðar.

3. Móttaka og afgreiðsla beiðna

Allar beiðnir skulu berast fyrir fram til skrifstofu skólans eða skólastjórnenda. Skrifstofa kemur beiðni til skólastjórnenda sem taka ákvörðun. Kennarar og annað starfsfólk geta ekki heimilað heimsóknir á eigin vegum. Barn má ekki mæta í skólastarf sem gestur án fyrir fram samþykkis skólastjórnenda.

4. Undantekningar vegna velferðar barns

Skólastjórnendur geta í sérstökum undantekningartilfellum samþykkt tímabundna heimsókn þegar málefnalegar og einstaklingsbundnar ástæður sem varða velferð, öryggi eða mikilvæga hagsmuni barns liggja fyrir. Félagslegar óskir einar og sér teljast ekki undanþáguástæða. Við matið skal taka mið af tilgangi, þörfum barnsins, mögulegum öðrum

úrræðum, áhrifum á skólastarf og því hvort unnt sé að tryggja örugga umsjón. Leita skal umsagnar viðkomandi starfsfólks eftir þörfum. Hver beiðni er metin sjálfstætt.

5. Ábyrgð og undirbúningur samþykktrar heimsóknar

Áður en heimsókn hefst skal liggja fyrir skriflegt samþykki forsjáraðila, nauðsynlegar samskiptaupplýsingar, afmörkuð tímasetning, tilgreindur umsjónaraðili innan skólans og fyrirkomulag heimsóknar. Skólastjórnendur skulu meta ábyrgð, öryggi og tryggingamál eftir því sem við á. Samþykki forsjáraðila breytir ekki þeirri ábyrgð sem kann að hvíla á honum meðan á dvöl stendur.

6. Framkvæmd og skráning

Gestur fylgir skólareglum og fyrirmælum starfsfólks. Skrá skal beiðni, niðurstöðu og rökstuðning með viðeigandi hætti; við samþykki einnig dagsetningu, tímalengd, umsjónaraðila og nauðsynlegar upplýsingar. Gæta skal að persónuvernd við skráningu. Skólastjórnendur geta stöðvað heimsókn ef forsendur breytast eða öryggi og skólastarf krefjast þess.

7. Afmörkun

Reglurnar taka ekki til skipulagðra kynningarheimsókna verðandi nemenda eða samstarfsverkefna sem skólinn sjálfur stendur fyrir. Beiðnir um eiginlega tímabundna skólavist skulu fara í sérstaka meðferð samkvæmt viðeigandi reglum.

8. Kynning og endurskoðun

Verklagið skal kynnt starfsfólki og birt í aðgengilegu formi fyrir foreldra. Skólastjórnendur bera ábyrgð á framkvæmd og endurskoðun þess.

GLEÐI SAMVINNA SJÁLFSTÆÐI